

TILSKIPUN EVRÓPUBINGSINS OG RÁÐSINS 2000/62/EB

2002/EES/03/33

frá 10. október 2000

um breytingu á tilskipun ráðsins 96/49/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum efnum með járnbrautum(*)

EVROÞUBINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum c-
lið 1. mgr. 71. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,
með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,
að höfðu samráði við svæðanefndina,
í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr.
sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 96/49/EB ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um bráðabirgðaákvæði, sem giltu til 1. janúar 1999, til að Staðlasamtök Evrópu (CEN) gætu lokið við stöðlun geyma og tanka. Þeirri vinnu er enn ólokið.
- 2) Skilgreina skal betur flutningsbúnað sem heyrir undir undantekninguna sem kveðið er á um í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/49/EB.
- 3) Til að gera aðildarríkjunum kleift að nota, í tiltekinn tíma, járnbrautarvagna og tanka, sem uppfylla ekki nýja ákvæðið í viðaukanum við tilskipun 96/49/EB, skal setja bráðabirgðaákvæði sem gildir um járnbrautarvagna og tanka sem eru smíðaðir 1. janúar 1997 eða síðar og einungis eru notaðir til innanlandsflutninga.
- 4) Lengja ber frestinn, sem er settur í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/49/EB, um tiltekinn búnað. Tilgreina skal viðkomandi búnað og síðasta dag, sem unnt er að beita tilskipun 96/49/EB, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 9. gr. þeirrar tilskipunar.
- 5) Undanþágurnar, sem kveðið er á um í 9., 11. og 14. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/49/EB, ber að samþykkja samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 9. gr. þeirrar tilskipunar.
- 6) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um

reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁵⁾.

- 7) Tilgreina skal skilyrðin sem ber að uppfylla áður en unnt er að líta á flutninga sem sérstaka flutninga.
- 8) Breyta ber tilskipun 96/49/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 96/49/EB er breytt sem hér segir:

1. Í c-lið 2. mgr. 5. gr. komi orðin „ganghita efnanna fyrir plastumbúðir, tanka og búnað þeirra sem á að...“ í stað „ganghita efnisins sem á að...“.
2. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Hvert aðildarríki getur, á yfirráðasvæði sínu, heimilað notkun járnbrautarvagna sem eru smíðaðir fyrir 1. janúar 1997, enda þótt þeir samræmist ekki þessari tilskipun, hafi þeir verið smíðaðir í samræmi við innlend ákvæði sem voru í gildi 31. desember 1996, að því tilskildu að þessir vagnar uppfylli tilskildar öryggiskröfur.

Heimilt er að nota áfram tanka og járnbrautarvagna til flutninga innanlands, hafi þeir verið smíðaðir 1. janúar 1997 eða síðar en samræmast ekki ákvæðum viðaukans, ef þeir samræmast kröfum þessarar tilskipunar sem voru í gildi á framleiðsludegi þeirra, til þess dags sem er ákvarðaður í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr.“

- b) Í 4. mgr.:
 - í fyrsta málslið komi „30. júní 2001“ í stað „31. desember 1998“ og í öðrum málslið komi „1. júlí 2001“ í stað „1. janúar 1999.“
 - bætast eftirfarandi málsgreinar við:

„Lengja ber frestinn til 30. júní 2001 og 1. júlí 2001 með tilliti til geyma og tanka ef þeim fylgja ekki nákvæm fyrirmæli eða ef ekki hafa verið settar í viðaukann fullnægjandi tilvísanir í viðeigandi Evrópustaðla.

Ákvarða ber skilgreiningu geyma og tanka sem um getur í annarri undirgrein og síðasta dag sem unnt er að beita þessari tilskipun, með tilliti til fyrrnefndra geyma og tanka, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr.“

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 279, 1.11.2000, bls. 44, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 23.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 181, 26.6.1999, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 329, 17.11.1999, bls. 11.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 29. október 1999 (Stjtið. EB C 154, 5.6.2000, bls. 353). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 2000 (Stjtið. EB C 254, 25.8.2000, bls. 14) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 21. september 2000.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/48/EB (Stjtið. EB L 169, 5.7.1999, bls. 58).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

c) Í stað 9. mgr. komi eftirfarandi:

„9. Að því tilskildu að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni það fyrirfram, eigi síðar en 31. desember 2002 eða næstu tvö ár frá því að breyttum útgáfum af viðaukum A og B var síðast beitt, geta þau samþykkt rýmri ákvæði en þau sem sett eru fram í viðaukum A og B vegna flutninga innan yfirráðasvæðis síns á tilteknum hættulegum farni í litlu magni, að undanskildum efnunum sem hafa mikla geislavirkni eða í meðallagi.

Undanþágunum skal beitt án mismununar.

Þrátt fyrir það sem að framan greinir geta aðildarríkin, að því tilskildu að þau tilkynni framkvæmdastjórninni það fyrirfram, samþykkt hvenær sem er ákvæði sem eru svipuð ákvæðum sem önnur aðildarríki samþykkja með tilvísun til þessarar málsgreinar.

Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein, hafi verið fullnægt og ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr., hvort hlutaðeigandi aðildarríki geti samþykkt þessar undanþágur.“

d) Í stað 10. mgr. komi eftirfarandi:

„10. Aðildarríkin geta gefið út leyfi, sem gilda einungis á yfirráðasvæði þeirra, vegna sérstakra flutninga á hættulegum farni sem eru annaðhvort bannaðir samkvæmt viðaukunum eða fara fram við aðstæður sem eru frábrugðnar þeim sem mælt er fyrir um í viðaukanum, að því tilskildu að þessir sérstöku flutningar séu skýrt skilgreindir og háðir tímamörkum.“

e) Í stað 11. mgr. komi eftirfarandi:

„11. Að því tilskildu að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni það fyrirfram geta þau heimilað, á sérleiðum á yfirráðasvæði sínu, reglubundna flutninga á hættulegum farni sem eru liður í skilgreindu iðnaðarferli og eru annaðhvort bannaðir samkvæmt ákvæðum viðaukans eða fara fram við önnur skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í viðaukanum, svo framarlega sem flutningarnir eru svæðisbundnir og undir ströngu eftirliti við skýrt skilgreind skilyrði.

Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort kröfunum í fyrstu undirgreininni hafi verið fullnægt og ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr., hvort hlutaðeigandi aðildarríki geti heimilað slíka flutninga.“

f) Í stað 14. mgr. komi eftirfarandi:

„14. Að því tilskildu að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni það fyrirfram geta þau heimilað flutninga á hættulegum farni með rýmri skilyrðum en þeim sem mælt er fyrir um í viðaukanum, svo framarlega sem flutningarnir eru svæðisbundnir og á stuttum leiðum innan afmarkaðra hafnar-, flugvallar- eða iðnaðarsvæða.

Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, hafi verið fullnægt og ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr. hvort hlutaðeigandi aðildarríki geti heimilað slíka flutninga.“

3. Í stað 9. mgr. komi eftirfarandi:

„9. gr.“

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um flutninga á hættulegum efnunum sem komið var á fót samkvæmt 9. gr. tilskipunar 94/55/EB (*).

2. Þegar vísað er til þessarar greinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. í henni.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin skal setja sér starfsreglur.

(*) Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/61/EB (Stjtið. EB L 279 frá 1.11.2000, bls. 40).“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. maí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 10. október 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. VOYNET

forseti.